Jår

Viljinn

8. Clad

# Viljinn

Lestrarfjelagsblað í Miklabæjarsókn

7. árgangur 8. tölublað

Þriðjudaginn 16. maí 1905

## Ritnefnd


Jakob H Líndal Árni Hallgrímsson
Jónas Jónasson

Nú heilsar Viljinn ykkur í síðasta sinn á þessu vori, að öllum líkindum, og mjer finnst líka mæla töluverðar líkur með því, að þetta verði síðast Viljinn nú í bili. Sjaldan hefur gengið ver að halda lífstórunni í honum, en í vetur. Ritstjórinn hefur mátt gefa sem blöðin alveg einn út, og þegar svo er komið ~~er~~ ekki við góðu að búast. Ef að tveir eða þrír menn eiga halda Viljanum út sómasamlega, þá tekur það upp mikinn tíma, og þegar vjer höfum ekki völ á öðrum, en þeim sem hafa nóg að starfa, og verða að bæta ritstjórninni á sig sem aukastarfi, þá er ekki von á að þeir sjeu fúsir til þess, ef þeir eiga það hjerumbil víst, að þeir verða lítið eða ekkert styrktir. Jeg veit líka að við sem höfum haft þann starfa á hendi í vetur, verðum tregir til að gjöra það framvegis, og svo býst jeg við að ~~fleiri~~ fari fyrir fleirum.

Þegar jeg var búinn að lesa „andmæli gegn mótmælum“ frá vini mínum J. H. L. í 6. blaði Viljans, áleit jeg rjett að skrifa nokkrar línur, vegna þess að sumt í „andmælunum“ er þannig úr garði gjört, að jeg get ekki annað en gjört nokkrar athugasemdir við það.

Þá er að byrja á því þar sem J. H. L. segir í grein sinni, að hann ekki hafi farið „með svo rangt mál“[1] að nokkrum væri skylt að mótmæla því, en í þessu finnst mér einmitt liggja sú játning hjá honum, að hann hafi – og það viljandi – farið með nokkuð rangt mál, en um það atriði, hvort nokkrum sje skylt að mótmæla því, skal jeg ekki fjölyrða, en álít það þó í alla staði rjett og leyfilegt.

Annað, sem jeg ætla að fara um nokkrum orðum, er það, að J. H. L. segir að um 40 drættir – „eingöngu lukkupokar“ – hafi verið gefnir af

1) Undirstrikað af mjer. Jón J.

börnunum og 1/3 af kertunum[1], svo útkoman
verður sú, hjá honum að þetta gjöri 1/5 af
kostnaðinum við jólatrjeð, en ekki nema
eitt 1/8 af tekið er með í reikningum verð
jólatrjesins, en það vil jeg ekki gjöra, því
jeg veit að reikningar hafa verið svo mikl-
ar, að ekki hefur þurft að grípa til
þess neyðarúrræðis, að selja jólatrjeð með
öllu skrautinu, til að standast þann
kostnað — jafnvel þó hægt hefði verið að
bæta sjer samt aptur kostnaðarliðið t.d.
leigðu — jólatrjeð er því í sínu fulla verði
og eign fjel. og því eikki þörf að skrifa
mikið um það. Í sambandi við þetta skal
jeg geta þess, að jeg hefi heyrt, að ákveðið
hafi verið af formanni fjelagsins, að hver maður
í því skyldi leggja til samkomunnar 15 aur.
eða þess virði, og það veit jeg með vissu

---

1/ Jeg veit þó með vissu, að tvenn spil voru gefin frá einum bæ, og svo getur víðar verið. Þetta er því ekki nákvæmlega rjett hjá höf.

að sum börnin hafa lagt meira til. Þegar
jeg geng út frá því sem sjálfsagðu að
allir fjelagsmenn hafi látið það ákveðna
þá gjörir það um 6. krónur, og þykir mjer
næsta ótrúlegt að ekki hafi mátt fá
fleiri en 40 lukkupoka fyrir það, og það jafn-
vel þó, svo sem 2. eða 3. hefðu ekkert borgað, því
einsog allir vita má fá hvern lukkupoka
fyrir 5 til 7 aura. Ef jeg gjöri nú ráð
fyrir að hver þessara 40 „lukkupoka", — sem höf.
segir að börnin hafi gefið — hafi kostað 7 aura
þá gjörir það 2. kr. 80 aura, eptir verða því
3 kr 20 aurar. Jeg get því ekki annað skilið,
en rjettara hefði verið af höf. „andmælanna"
að segja að þetta hefði gjört nálægt 1/2 móts
við það, sem „stjórnin" gaf til jólatrjesins.
Ekki veit jeg hvað höf. meinar með því að
vera að skrifa um verðmæti jólatrjesins, því
jeg get ekki skilið að það komi málefni því,
sem hann var að andmæla — nokkuð við, þar

þar sem jeg ekki hafði minst á það í grein minni, og gjörist mjer að gjetsara hefði verið af honum að halda sjer við efni greinar minnar, og rangfæra ekki það sem jeg skrifaði, en að hann hafi gjört það, skal jeg nú sýna honum.
Hann segir, og það á tveim stöðum að jeg hafi sagt, að það sem börnin gáfu hafi gjört mikið upp í kostnað samkom þetta hef jeg aldrei sagt, heldur að mig grunaði að börnin hefðu lagt nokkuð til upp í kostnað samkomunnar, og átti jeg þar einungis við kostnaðinn við jólatrjeð. Það hefði höf mátt skilja af því sem á undan var. Allir vita að veitingarnar voru gefnar að öllu leyti, en ekki af stjórn fjelagsins, eins og höf. segir.
Það er ekki til minna ætlandi af höf. en að vera svo málfróðinger að skilja, að „nokkuð" og „mikið" eru ólík orð, með ólíkar merkingar, nokkuð svipað og nokkir

og margir. Þessi orð mín verður því höf. að hrekja með öðru en rangfærslum, og röngum skilningi á því sem jeg hefi skrifað, því ekki munu allir lesendur Viljans láta glepja sjer sýn með orðamælgi og fimbulfambi útí loptið, sem ekkert kemur málefni því við, sem verið er að rita um, hvort heldur það kemur af „röngum skilningi á málefni því, sem um er að ræða eða af ónógri þekkingu".
Á eptir þessu kemur löng klausa í „andmælunum" um nokkur orð, sem jeg skrifaði um leikinn á samkomunni og furðar mig stórlega á því áliti höf. að það hafi ekki verið stjórn fjel. eða leikendunum að kenna, hvernig fólkinu var raðað, þar sem allir í stjórn fjel. voru þar viðstaddir, og gátu því með eigin augum sjeð, hvernig þessum tveimur mönnum – sem höf. segir að hafi átt að

Lesendur Viljans eru beðnir „forláts“ á því að jeg hljóp af rangá yfir þessa blaðsíðu. J. J.

## Framhald frá 2. blaðsíðu

En það er ekki einungis Viljinn sem ber vott um áhugaleysi fjelagsmanna, heldur fjelagið í heild sinni. Það hefur sjaldan hvílt annar eins doða deyfð og drungi yfir því sem nú. Jeg þarf ekki að rökstyðja þetta öðru vísi en benda á fundahöldin í vetur. Fundirnir eru það sem halda fjelagsskapnum — hver sem hann er — saman. Í vetur höfum vjer haldið 2. aukafundi í staðinn fyrir 4. og nú er komið langt yfir þann tíma sem vjer eigum — eptir lögunum — að halda aðalfund. Þarna eru tvö lagabrot, en verra er það að þau benda til kyrrstöðu. Jeg hef engan tíma til að rita um þetta nú og veitti þó ekki af því. Okkur þykir undantekningarlaust öllum vænt um fjelagið, en gallinn er sá, að vjer viljum láta það lifa á — engu — ganga sjálfala eins og hrossin. J. J.

„ráða fólkinu“ — tókst það, og hlýtur því stjórnin að mínu áliti að hafa heiðurinn af því, þó hún vilji gefa hann öðrum. Að mínu áliti þurfti enga snillinga til þess að sjá það, að lítið vit væri í því að troða hjerumbil 100 manns á jafnlítið svæði og áhorfendasvæðið var; en kannske að einhverjir hafi tekið fram fyrir hendurnar á stjórninni, og ráðið þessu, eða leikendurnir hafi tekið sjer einhverja til fyrirmyndar, með það, eins og þeir tóku Akureyringa sjer til fyrirmyndar með það, að sleppa Góðmælunum úr leiknum. Annars furðar mig á því að jafn gætinn og skynsamur maður og hóf-er, skuli ímynda sjer að nokkrum detti í hug að kenna öðrum en stjórninni og leikendunum um fyrirkomulagið á leiknum. — Það eru að minnsta kosti allar líkur fyrir því, að þeir hafi ráðið því, að fólkinu var

ekki skipt, og leikið optar en einu sinni. En
með því fyrirkomulagi hefði leikurinn getað
notið sín fyrir þrengslum.

Annars virðist mjer höf. gjöra sig
helst til „stóran" þegar hann er að
skýra lesendunum frá því, hvað eigi
ekki að vera í leikritum. Og hvort
er jeg á því og engum efast um það, að
hann hefði betra vit á því, en heimsfrægir
rithöfundar. Um þetta atriði skal jeg samt
ekkert þrátta við hann, því jeg er ekki
maður til þess; þykir líka engin minkun
að kannast við það.

En vel treysti jeg höf. að skrifa um
þetta atriði í eitthvert það blað
sem Almenningi gefst kostur á að
lesa. Hver veit nema að það yrði til
þess að þeir sem gjöra það að lífstarfi
sínu að semja leikrit, sæju að sjer,
og slepptu þessum „smekkleysum" úr
þeim. Ef svo færi hefði höf. ekki

minna uppi um því, en að senda
þeim mönnum línu, sem — eptir
hans dómi — virðist vera lítið gefið
um sjónleikina í „Akraþing húsinu"
sem hann þá ekki hefur viljað nafn-
greina, enda mjög líklegt að hann
hafi átt bágt með það, því það
er allt annað, að vera á móti sjón
leikjunum, og hafa drengskap til að
benda á það, sem gjörir leikina ómerki-
legri, en þeir þyrftu að vera, og annað
þykist jeg ekki hafa gjört; og get
ekki annað skilið, en jeg sem áhorf-
andi hafi haft fullan rjett til.

Með því líka að jeg veit, að í dagblöðum
vorum birtast opt greinar þess efnis,
og þar er framkoma leikendanna
Gætt einsog þeir koma fram á
leiksviðinu, og ekki hikað við
að finna að framkomu þeirra,
þar sem þeim er vita þykir við eiga.

Það myndi jeg einnig hafa gjört hjer í vetur, ef að jeg hefði geta gjört nokkurn mun á leikendunum; í stuttu máli sagt fór jeg, svo fáum — og jeg held mjer sje óhætt að segja vægum orðum um þetta málefni, sem mjer var frekast unnt úr því jeg minntist á það á annað borð.

Svo lýk jeg þessum línum, án þess að óska að J. H. L. beini sínum góðu hæfileikum í rjetta átt, því jeg veit þess gjörist ekki þörf, finn mig heldur ekki skyldugan til þess. En hefði jeg óskað honum nokkurs yrði það helst á þá leið, að hann gefi sjer tíma til að reyna að skilja rjett, það sem jeg skrifa.

Jóh. Jónsson

## Stefnufesta og sannleiksást

Einsog lesendendur „Viljans" muna, skrifaði ég hér í vetur í annað tölubl. hans — „V." — nokkrar línur um stefnufestu. — Nú hefur hr. ritstj. Á. H. ritað afarlangar ritgjörðir í 2 blöð undir sömu fyrirsögn. Af því að þessar greinar ritstj. snerta mína grein að sumu leyti, og raska efninu í henni þá vildi ég leyfa mér að fara fáum orðum um þetta mál enn þá. Ritstj. segir að ég hafi „þjappað" efninu saman á eina blaðsíðu, og er það að vísu satt; en ég leit svo á (og hef æfinlega gjört hvort um þetta eða annað væri að ræða), að betra væri að segja fá orð rétt, en gutla öll ósköp á mörg blöð eitthvað úti loftið. — Þá segir ritstj. að ég eigi „þakkir skyldar" fyrir að hafa hreift málinu.

En skal nú ritstj. ekki vera mér líka þakklátur fyrir verkefnið sem hann hef-ur fengið til að skrifa um? — Ritstj. hefur þó sannarlega fyllt blaðgreinið sitt fyrir bragðið — sem ekki var vanþörf, þar sem það var að sögn í andarslitrunum. Ég skal nú reyna að leitast við að útskýra fyrir ritstjóranum þessa áður nefndu grein mína, og taka fyrir kafla og kafla úr henni. Ég sagði á einum stað í henni (gr) að „vér yrðum að gjöra okkur grein fyrir <u>hvað vér vildum</u> í lífinu, vera síðan fastir í rás-inni, þar til takmarkinu væri náð." Og það var því viðvíkjandi að ég tók dæmi af heims-frægum manni — Michel Angelo —, en sem ritstj. þykir alveg ófært þegar það er „skorð-að ofaní kjölinn" og segir að það sé ekki nein „sönn fyrirmynd"!!! Nú skal ég útskýra þetta enn þá með dæmi. Setjum svo, að einhver ætli sér að verða embættis-maður t. d. prestur. Skal nokkur

nema ritstjórinn álíta heppilegt fyrir þann mann að vera annan sprettinn á prestaskólanum, en hinn á sjómanna-skólanum? Sama má segja með lögfræðing-inn, bóndann, handverksm. og hvað svo sem menn taka fyrir, að það er ekki holt fyrir neinn að grauta í mörgu. (Sbr. það sem ég sagði í áður nefndri grein minni.) „Sá, sem fæst við margt ólíkt hverum sjálf-um, verður lítið ágengt" — Þá var það eitt aðalatriðið í áður nefndri grein minni þar sem ég sagði að „fyrsta skilyrðið fyrir <u>sjálfráðri</u> velgengni í lífinu, væri að beina allri sinni orku að einu marki og miði" og álít ég þessa skoðun góða. Minnsta kosti finst mér aldrei of oft brýnt fyrir mönnum að vera sjálfstæðir. En það er alt öðru máli að gegna með ritstj. Á. H. þar sem hann segist vera á „annari skoðun. Ritstj. vill sem sé, láta „prédika" heiguls-hátt fyrir lesendum „Viljans" eða með

öðrum orðum þennan svo kallaða „Armenska
mót." Sannast að segja hafði ég enga lýjga-
-lampa í huganum þegar ég skrifaði
þessar oft nefndu línur. Ég ætlaðist til
að menn elskuðu og virtu sannleikann
eins fyrir það þó þeir tækju sér einhverja
heiðvirða stöðu fyrir, til þess að komast
áfram í heiminum sem sjálfstæðir
menn, hvort heldur sem það væri prestur,
lögfræðingur, bóndi, handverksm. eða hvað
svo sem menn vildu vera. En það sýnist
hið gagnstæða hafa vakað fyrir A. H. þegar
hann skrifaði sína löngu grein um „stefnufestu".
Hann hefur álitið lesendur „Viljans" ekki
vel sannorða, og þessvegna brýnt svo mjög
raustina og snúið greininni uppí sann-
-leiksást; — og það er þessvegna að seinni-
-parturinn af greininni hjá ritstj. siglir
blátt áfram undir falskri yfirskrift.
Ekki svo óvíða hefur ritstj. kriddað þessa
sannleiksástar grein sína með pólitísk-
um

dæmum. Lítur út fyrir að einhver
pólitísk hringiða hafi verið í kollinum
á ritstj. þegar hann var að taka saman
greinina, enda hvað sá kvilli vera algeng-
-ur hjá Valtýskum vellispóum.
Aðeins vil ég benda á eitt pólitíska dæmið
ritstj., af því mér þykir það ótrúlegt og
miður góðgjarnlegt í garð náungans. Það
hljóðar svona: „Oft byggja menn skoðanir
sínar á foksandi vanþekkingarinnar
einsog bóndinn sem tjáði sig vera
eindregið á móti Valtýr í stjórnarskrár-
-málinu, en hvaðst þó ekki hafa neitt
vit á stjórnmálum" — Mér þykir nú
ótrúlegt að nokkur sá maður, sem kosn-
-ingarétt hefur til alþingis sé svo vit-
-laus að hann „tjái sig vera eindregið
á móti því sem hann hefur ekki
vit á," — og munu fáir trúa slíku,
enda ímynda ég mér að þeir af lesend-
-um „Viljans" sem hafa kosningarétt

sèu ritstj. ekki þakklátir fyrir slíka
„vísinu" sem þessa.
Fleira svipað þessu má lesa útúr þessari
ótur nefndu grein ritstjórans, jafnframt
gömskeiðunum sem í henni eru svo víða;
en tímans vegna vil ég ekki elta ólar
við það. — Að endingu gét ég ekki
stilt mig um að minnast á einkunnar-
orð þau, sem ritstj. hefur valið sér fyrir
seinnipart greinar sinnar. Þau eru þessi:
„Fátt er svo fyrir öllu ilt, að ekki fylgi
nokkuð gott." — Naumast verður annar
skilningur en sá, lagður í þessi orð, að
ritstjórnargreinin um „stefnufestu" eftir
Á. H. sé ein af því „fáa" sem ekki fylgir
neitt gott. Annars finnst mér ritstj.
hafa stikað nokkuð stórum frá efninu
með því að hafa þessi einkunnarorð.

Þ.